

Ed.

94. Frumvarp til laga

[85. mál]

um mannanöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, eitt eða tvö.

Þeir, sem fara með foreldravald yfir barni, hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn, eftir því sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Það má hvorki vera hneykslanlegt né klaufalegt né með öðrum hætti þannig að gerð eða merkingu, að til ama verði þeim, sem ber það.

Ekki má gefa kvenmanni karlmannsnafn né karlmanni kvenmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig lagað, að kennt sé til nafns annars manns, hvort heldur nafnið er haft í eignarfalli eingöngu eða í eignarfalli að viðbættum orðunum son eða dóttir.

Ekki má gera löglegt ættarnafn að eiginnafni. Þetta tekur þó ekki til ættarnafna, sem í eðli sínu eru eiginnöfn og venja hefur verið að nota þannig.

3. gr.

Mannanafnanefnd (sbr. 21. gr.) semur skrá um þau eiginnöfn, sem við þykir eiga, að borin séu hér á landi. Dómsmálaráðuneytið gefur skrá þess út og sendir hana öllum prestum landsins og öðrum, er kirkjubækur halda, enda skal hún fylgja kirkjubókunum. Skráin skal endursamin og gefin út ekki sjaldnar en á 10 ára fresti.

Heimilt er að gefa barni nafn, þó að það hafi ekki verið tekið í áður nefnda skrá, ef nafnið fer ekki í bága við ákvæði 2. gr.

4. gr.

Þegar fyrirhugað er að gefa barni nafn í skírn, sem prestur þjóðkirkjunnar eða forstöðumaður löggilts trúfélags á að framkvæma, skal sá, er nafn gefur, skýra presti eða forstöðumanni trúfélags, um leið og hann er beðinn skírnar, frá eiginnafni því eða eiginnöfnum, sem barn á að hljóta. Skal það gert innan 6 mánaða frá fæðingu barns, og skírn framkvæmd eigi síðar en innan 14 daga frá þeim tíma.

Nafngjöf barns, sem á ekki að skíra eða skírt hefur verið af öðrum en þeim, sem í 1. málsgrein getur, skal tilkynna sóknarpresti innan 6 mánaða frá fæðingu þess.

Nú hefur barn verið skírt skemmri skírn, og má þá í nýrri skírn eða með tilkynningu til sóknarprests, samkvæmt því sem segir í 1. og 2. málsgrein, gefa barni nýtt nafn í stað þess, sem því var áður gefið, eða annað nafn til viðbótar áður gefnu einkanafni.

5. gr.

Nú telur sá, sem tekur við tilkynningu um nafngjöf samkvæmt 4. gr., að hún samrýmist ekki ákvæðum 2. gr., og skal hann þá reyna að koma því til leiðar, að nafni sé breytt í rétt horf eða nýtt nafn valið. Ef það tekst ekki, skal hann þegar í stað skjóta ágreiningi um nafngjöfina til Mannanafnanefndar.

Mannanafnanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð um, hvort nafn skuli leyft eða um nafngjöf synjað. Ef felldur er synjunarúrskurður, skal handhafi foreldravalds velja barni nýtt nafn eða nöfn. Um skírn eða tilkynningu fer síðan svo, sem í 4. gr. segir. Ef liðnir eru frestir samkvæmt þeirri grein, skal nafngjöf fara fram án nokkurs óþarfs dráttar.

6. gr.

Nú hefur maður hlotið eiginnafn, sem óheimilt er að gefa barni samkvæmt 2. gr., og getur hann þá fengið leyfi Dómsmálaráðuneytisins til að breyta nafni, eftir að leitað hefur verið álits Mannanafnanefndar. Ráðuneytinu er og heimilt að leyfa manni nafnbreytingu, ef það telur nafn hans af einhverjum sérstökum ástæðum vera honum til boga.

Ef barn er ættleitt, eftir að því var nafn gefið, má í ættleiðingarbréfi gefa því nýtt eiginnafn í stað hins fyrra eða til viðbótar nafni, sem það hefur áður hlotið.

Ráðuneytið sendir sóknarpresti, þar sem nafn aðila var upphaflega skráð, tilkynningu um nafnbreytingu, og skal hennar getið í kirkjubók.

7. gr.

Hver maður, sem hefur ekki löglegt ættarnafn, skal kenna sig til föður síns, þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum komi nafn föður í eignarfalli að viðbættu orðinu *son*, ef karlmaður er, en *dóttir*, ef kvenmaður er.

8. gr.

Ófeðrað barn, sem hefur ekki fengið sérstakt ættarnafn, skal kenna sig til móðurföður síns, eftir því sem í 7. gr. segir, eða hafa ættarnafn móður sinnar, ef til er, sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

9. gr.

Pegar kjörbarn er ættleitt af hjónum eða karlmanni eingöngu, má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það sé kennt til kjörföður með sama hætti og í 7. gr. segir.

Ef barn er ættleitt af konu eingöngu má ákveða í ættleiðingarbréfi, að það kenni sig til föður hennar.

10. gr.

Lögleg ættarnöfn, sem íslenzkir ríkisborgarar bera nú, mega haldast.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, er óheimilt að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi, nema Dómsmálaráðuneytið hafi veitt leyfi til þess, enda hafi Mannanafnanefnd samþykkt ættarnafnið.

11. gr.

Ættarnöfn skulu vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Ekki er heimilt að taka upp ættarnafn, sem annar maður hefur áður öðlazzt rétt til að bera eða er svo líkt því nafni, að villu geti valdið.

Ekki má gera eiginnafn, sem tíðkað er í landinu, að ættarnafni og eigi heldur nöfn, sem enda á orðinu *son*.

12. gr.

Sá, sem æskir upptöku ættarnafns, skal sjálfur senda Dómsmálaráðuneytinu umsókn sína, ef hann er 16 ára eða eldri.

Veita má barni, sem yngri er en 16 ára, leyfi til upptöku ættarnafns, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, samkvæmt umsókn þess manns, er fer með foreldra- vald yfir því.

Ættmenn geta í sameiningu sótt um sameiginlegt ættarnafn.

Dómsmálaráðuneytið ákveður, hver gögn skuli fylgja umsóknum um upptöku ættarnafna.

13. gr.

Nú ber maður löglegt ættarnafn, og hafa þá niðjar hans í beinan karlegg rétt til að nota nafnið. Sama gildir um kjörbörn, ef svo er ákveðið í ættleiðingarbréfi.

14. gr.

Eiginkonu er heimilt að bera ættarnafn eiginmanns síns, meðan hjónabandið stendur og eftir að því líkur við dauða hans.

Nú er hjónaband ógilt með dómi, og má konan þá bera áfram ættarnafn mannsins, nema henni hafi verið kunn ógildingarástæðan, þegar hjónavígsla fór fram.

Kona, sem skilin er að lögum við eiginmann sinn, má bera ættarnafn hans áfram, nema hún eigi aðallega sök á skilnaðinum og eiginmaðurinn hafi krafizt þess, er skilnaður var gerður, að ákveðið væri í skilnaðarbréfi eða dómi, að hún mætti ekki kenna sig við hann.

Nú ber kona ættarnafn eiginmanns, eftir að hjónabandi er lokið, og fellur þá niður réttur hennar til að bera nafnið, ef hún gengur í hjónaband að nýju.

15. gr.

Veita má kjörbarni ógiftrar konu í ættleiðingarbréfi rétt til að bera ættarnafn hennar.

Ófeðrað barn hefur rétt til að bera ættarnafn móður sinnar, ef það hefur ekki hlotið sjálfstætt ættarnafn.

Þegar kona ber ættarnafn eiginmanns síns, eftir að hjónabandi er lokið, sbr. 14. gr., er ófeðruðum börnum hennar og kjörbörnum, er hún tekur eftir það, þó óheimilt að bera það ættarnafn.

16. gr.

Veita má manni leyfi til ættarnafns, sem aðrir bera löglega, ef allir þeir, sem rétt eiga til nafnsins, samþykkja það.

17. gr.

Ekki er manni skylt að bera ættarnafn, þó að hann hafi rétt til þess. Í stað þess að nota ættarnafn er mönnum jafnan heimilt að kenna sig svo sem segir í 7.—9. gr.

Þegar kona gengur í hjónaband, er henni heimilt að nefna sig áfram ættarnafni því, sem hún hafði áður, enda hafi hún ekki hlotið það frá eiginmanni, sem hún var fyrir gefin, sbr. 14. gr.

Nú hefur kona tekið ættarnafn manns síns, og er henni þá frjálst að taka upp að nýju upprunalegt ættarnafn sitt, þegar hjónabandi er lokið. Í öðrum tilfellum er manni ekki heimilt, nema samþykki Dómsmálaráðuneytisins komi til, að taka upp aftur ættarnafn, sem hann hefur eitt sinn fellt niður.

Þegar nafnbreyting verður með þeim hætti, að maður tekur að nefna sig ættarnafni, sem hann á rétt á, en hefur ekki borið að undanfögnu, eða maður fellir niður ættarnafn, sem hann hefur borið, og kennir sig svo sem í 1. eða 3. mgr. segir, skal hann tilkynna Dómsmálaráðuneytinu nafnbreytinguna þegar í stað. Þessi tilkynningskylda nær þó ekki til konu, sem tekur við giftingu ættarnafn eiginmanns, né til barna, yngri en 16 ára, sem taka ættarnafn föður, um leið og hann hefur fengið leyfi til ættarnafns.

18. gr.

Nú er manni veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum, og skal hann þá, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögnum, annaðhvort kenna sig svo sem mælt er í 7.—9. gr. eða afla sér leyfis til upptöku ættarnafns í samræmi við ákvæði laga þessara.

19. gr.

Heimilt er Dómsmálaráðuneytinu að veita manni, þegar sérstaklega stendur á, leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn í samræmi við ákvæði laga þessara í stað ættarnafns, sem hann hefur áður borið.

20. gr.

Menn skulu rita nafn sitt, eiginnafn (eiginnöfn) og föðurnafn eða ættarnafn, með sama hætti alla ævi, nema lögleg nafnbreyting eigi sér stað.

21. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar nefnd þriggja manna, sem bera skal heitið Mannanafnanefnd. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir kennarar heimspekideildar og einn kennari í lögfræði við Háskóla Íslands.

Mannanafnanefnd hefur með höndum störf þau, sem henni eru ákveðin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar Dómsmálaráðuneytinu við framkvæmd laganna, eftir því sem það kann að óska.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að kr. 10000.00.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, 10. gr. laga um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 frá 19. febrúar 1886, og 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 frá 27. júní 1921.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu er ekki heimilt að veita leyfi til upptöku nýrra ættarnafna, fyrr en 8 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Ef fleiri menn en einn hafa á þeim tíma sótt um leyfi til upptöku sama nafns, skal sá ganga fyrir, ef nafn er leyft, sem sannar fyrir ráðuneytinu, að hann hafi áður notað nafnið sem ættarnafn, þó að það hafi ekki verið lögfest.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. marz 1955 fól dóms- og menntamálaráðherra þeim Alexander Jóhannessyni prófessor, Jónatan Hallvarðssyni hæstaréttardómara, Þorsteini Þorsteinssyni fyrrverandi hagstofustjóra og Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara að endurskoða lög um mannanöfn, nr. 54 frá 27. júní 1925, og semja frumvarp til laga um mannanöfn á Íslandi. Jafnframt skipaði ráðherra Þórð Eyjólfsson formann nefndarinnar, en hún kaus Þorstein Þorsteinsson ritara sinn. Hefur nefndin samið frumvarp þetta og látið því fylgja greinargerð þá, sem hér fer á eftir.

I.

Sögulegt yfirlit.

1. *Lög og venjur um nafnrétt fram til 1914.*

Heildarlöggjöf um mannanöfn var ekki sett hér á landi fyrr en með lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913, sem gengu í gildi 1. janúar 1914. Lagaboð um nafnrétt voru áður mjög fábrotin, en mest farið eftir venjureglum, sem þó var yfirleitt ekki skylt að fylgja. Það var þó forn lagaskylda, að hverju barni skyldi nafn gefa. Leiddi það af skirnarskyldunni, sem komst hér á þegar með kristnitökunni. Eftir að farið var að halda kirkjubækur, voru sett fyrirmæli um, að nafn hvers barns skyldi skráð í kirkjubók ásamt nöfnum foreldra þess, sbr. konungsbréf frá 11. desember 1812. Með 10. gr. laga nr. 4 frá 19. febrúar 1886, sem enn er í gildi, var mönnum, er stóðu utan þjóðkirkjunnar, ekki gert skylt að láta skíra börn sín, en engu að síður skyldu þeir gefa börnunum nöfn og tilkynna þau sóknarpresti til skráningar innan 12 vikna frá fæðingu barnanna.

Skírnarskyldunni fylgdi aðeins sú kvöð að gefa barni *eiginnafn* eða *skírnar-nafn*, enda hefur það frá fornu fari verið talið hið eiginlega nafn hvers manns. Ekki lá neitt lagabann við því að gefa barni fleiri nöfn en eitt, en allt fram á 19. öld var það venja að skíra börn eingöngu einu nafni. Eftir það hafa börn oft verið skírð fleiri nöfnum en einu, og mun það vera orðið jafntítt á síðustu árum, Engar hömlur voru settar að lögum á nafnavalið. Í öndverðu báru flestir norræn nöfn, og hafa þau heiti fram til þessa dags verið aðalstofninn í íslenskum manna-nöfnum. Nokkur keltesk nöfn bárust hingað á landnámstíð með írskum mönnum, en flest þeirra féllu fljótt úr notkun. Eftir kristnitökuna fór það að tíðkast, að börnum væru gefin nöfn postula og helgra manna og enn síðar hvers konar bibliunöfn. Er mikill fjöldi slíkra nafna enn í notkun, eins og kunnugt er. Á síðustu öldum hafa verið tekin upp mörg erlend eiginnöfn, meðal annars úr rímum, riddarasögum og öðrum skáldsögum. Af þeim rótum eru mörg óviðfeldin nöfn og ónefni runnin. Þá hefur eiginnöfnum fjölgað mjög með þeim hætti, að stofnum úr tveimur nöfnum er skeytt saman með ýmsu móti. Þau nöfn eru mörg óhönduleg. Það er og alltítt, að karlmannsnafn sé myndað af konunafni eða gagnstætt með tilteknum endingum, svo sem -ina, -inus o. fl. Þau nöfn fara flest illa í íslensku máli.

Eiginnöfn eru tiltölulega fá, þegar miðað er við fjölda landsmanna á hverjum tíma. Þess vegna hefur bæði hér á landi og hvarvetna annars staðar að minnsta kosti einu öðru heiti verið bætt við eiginnafnið, til þess að auðkenning yrði nægilega glögg. Ekki var þessu þó skipað með lögum hér á landi, fyrr en lög nr. 41/1913 komu til sögu. Sú forna venja, að menn kenndu sig til föður síns, var næstum einráð hér á landi fram á 18. öld og er tíðust enn í dag. Það kom þó einstöku sinnum fyrir, að menn væru kenndir til móður sinnar, en nú mun það alveg lagt niður. Fram eftir öldum báru menn og oft sérstök viðurnefni til auðkenningar, eins og meðal annars er kunnugt af Íslendingasögum og Sturlungu.

Á 14. og 15. öld fóru aðalsmenn í Danmörku og Noregi að taka sér arfgeng ættarnöfn. Þessi síður breiddist þar út til annarra stétta, einkum á 17. öld og síðar. Útrýmdi hann að lokum hinum eldra sið að kenna sig til föður, en þó ekki til fulls fyrr en á síðustu öld.

Ættarnafnasiður barst hingað til lands á síðara hluta 17. aldar. Frá þeim tíma eru hin elztu ættarnöfn, sem tekin voru upp af Íslendingum. Upptaka ættarnafna fór allmjög í vöxt á 18. og 19. öld, þó að ekki yrði það nema lítil hluti þjóðarinnar, sem tók þann sið upp. Elztu ættarnöfnin voru með latneskri gerð, t. d. Vidalín, Thorlacius, en síðar og fram á miðja 19. öld mynduð að dönskum hætti, hvort heldur þau voru gerð af mannanöfnum með endingunni -sen, eða af staðarnöfnum, t. d. Gröndal, Melsted.

Á þeim tíma, sem hér ræðir um, fjölgaði ættarnöfnum hér á landi einnig vegna innflutnings erlendra manna. Ber þar mest á nöfnum danskra verzlunar- og iðnaðarmanna, sem hér settust að. Ganga mörg slík nöfn enn í ættum þessara manna hér á landi og eru flest alkunn.

Talið er, að árið 1910 hafi ættarnöfn, sem borin voru af íslenskum mönnum hér á landi, verið um 300 talsins.

Skortur á lagareglum um mannanöfn, þar á meðal um upptöku ættarnafna og aðrar nafnbreytingar, olli hér ýmsum ruglingi og vandkvæðum. Menn skiptu um nöfn reglulaust, þegar þeim sýndist svo, og ýmsir tóku sér ættarnöfn, sem áður voru fyrir í landinu og borin af öðrum ættum. Það kom þó fyrir á þessum tíma, að menn öfluðu sér konunglegs leyfisbréfs til nafnbreytingar, þar á meðal til upptöku ættarnafna.

Til þess að ráða bót á þeim glundroða, sem skortur á löggjöf um þessi efni hafði í för með sér, báru tveir alþingismenn fram frumvarp til laga á Alþingi 1912 um nýnefni. Frumvarp þetta varð ekki útrætt, en árið 1913 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um ný nöfn manna og ættarnöfn. Hlaut það samþykki þingsins, eftir að nokkrar breytingar höfðu verið á því gerðar, og var stað-

fest sem lög um mannanöfn nr. 41/1913. Lögin gengu almennt í gildi 1. janúar 1914, en sum ákvæði þeirra skyldu þó ekki koma til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 1915 og önnur 1. janúar 1916.

2. *Tímabilið 1914—1925.*

Reglur um *eiginnöfn* í lögum nr. 41/1913 voru aðallega þessar: Prestum var heimilað að neita að skíra börn nokkrum þeim nöfnum, sem telja verður hneykslanleg, eða færa slík nöfn til bókar. Til leiðbeiningar um nafnaval skyldi ríkisstjórnin láta semja skrá um góð íslenzk, forn og ný eiginheiti karla og kvenna, er sérstaklega sýni, hvernig eigi að mynda konunafn af karlmannsnafni og karlmannsnafn af konunafni. Hver sá maður, sem hlotið hefur tvö eiginheiti eða fleiri, skal vera skyldur til, frá því að hann verður 16 ára, að nota sama nafn og nöfn alla ævi, nema leyfi fái til breytingar, og rita þau jafnan á sama hátt. Eiginnafni mátti enginn breyta, nema að fengnu konungsleyfi.

Um *kenningu til föður* skulu þeir menn, sem bera ekki ættarnafn, fylgja hinni fornu reglu. Ef maður bar ættarnafn, var börnum hans skylt að nota það, en rita máttu þau föðurnafn sitt, fullt eða skammstafað, á undan ættarnafninu. Ekki nefna lögin kenningu til móður, en föðurlaust barn skyldi kenna sig til móðurföður, eða bera ættarnafn móður sinnar, ef til var.

Þá hafa lögin fyrirmæli um *kenningsnöfn*, þ. e. heiti, sem mönnum var heimilt að taka sér í viðbót við eiginheiti og föðurnafn, en skyldi ekki ganga til afkoma. Kenningsnafn mátti enginn taka sér nema samkvæmt opinberu leyfi.

Um *ættarnöfn* hafa lögin ýtarlegar reglur. Þau ættarnöfn, sem upp höfðu verið tekin fyrir aldamót (1. janúar 1901), skulu teljast viðurkennd eign þeirra, sem þau nota, en tilkynna skal þau stjórnarráðinu fyrir 1. janúar 1915. Ættarnöfn þau, sem upp höfðu verið tekin án konungsleyfis eftir aldamót, mátti því aðeins nota eftirleiðis, að hlutaðeigandi aflaði sér konungsleyfis fyrir 1. janúar 1916. Eftir 1. janúar 1915 mátti enginn taka sér nýtt ættarnafn nema með leyfi stjórnarráðsins. Hneykslanleg nöfn mátti ekki leyfa og ekki heldur nöfn, sem áður voru lögleg eign annars manns eða svo lík eldri nöfnum, að villu gæti valdið. Skylt var börnum að nota ættarnafn föður síns, en eiginkona hafði rétt, en ekki skyldu, til að taka ættarnafn eiginmanns síns.

Í lögum eru fyrirmæli um, að gerð skuli skrá um orð og heiti, sem fallin þykja til að hafa að ættarnöfnum. Þessi skrá var samin af þeim Einari H. Kvaran rithöfund, Guðmundi Finnbogasyni landsbókaverði og Pálma Pálssyni yfirkennara og gefin út árið 1915.

Á árunum 1915—1925 veitti stjórnarráðið leyfi til upptöku rúmlega 200 nýrra ættarnafna samkvæmt lögum nr. 41/1913. Auk þess voru á þessum árum tilkynnt til stjórnarráðsins eða staðfest af því allmörg eldri ættarnöfn. Hin nýju ættarnöfn skera sig mjög úr eldri ættarnöfnum að gerð, og gætir nú yfirleitt ekki erlendra áhrifa, eins og svo mjög hafði áður tíðkast.

3. *Tímabilið 1925—1955.*

Á Alþingi 1925 hlaut stefna þeirra manna, sem andvígir voru ættarnöfnum, fylgi meira hluta þingsins. Voru þá að frumkvæði Bjarna Jónssonar frá Vogum sett lög um mannanöfn nr. 54 27. júní 1925, sem enn eru í gildi, en lög nr. 41/1913 felld úr gildi. Skal hér getið helztu ákvæða laga nr. 54/1925, en reglur þeirra um nafnrétt eru að ýmsu leyti ófullkomnari en reglur laga nr. 41/1913.

Um *eiginnöfn* segir í 1. gr., að hver maður skuli heita einu íslenzku nafni eða tveim, og í 4. gr., að ekki megi menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt séu að lögum íslenzkrar tungu. Prestar skulu hafa eftirlit með því, að þessum ákvæðum sé fylgt, en rísi ágreiningur um nafn, skeri heimspekideild háskólans úr. Til leiðbeiningar skal stjórnarráðið samkvæmt 6. gr. laganna gefa út skrá eftir tillögum

heimspekideildar um þau mannanöfn, sem nú eru uppi og bönnuð skulu vera samkvæmt lögnum. Loks er ákveðið í 5. gr., að sá, sem hlotið hefur óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn, áður en lögin voru sett, geti fengið því breytt með leyfi konungs.

Um *kennning til föður* er kveðið svo á í 1. gr., að hver maður skuli kenna sig til föður eða kjörföður, en auk þess er tekið fram, að mönnum sé heimilt að kenna sig til móður.

Heimild til að taka *kenningarnöfn*, slík sem um ræðir í lögum nr. 41/1913, var nú að fullu felld niður, enda hafði hún lítið verið notuð.

Ákvæði laganna um *ættarnöfn* eru aðallega miðuð við þann tilgang þeirra að takmarka notkun ættarnafna hér á landi. Hins vegar stefna lögin ekki að fullri útrýmingu ættarnafna. Þau skjóta jafnvel ekki loku fyrir, að ættarnöfnum geti fjölgað hér á landi vegna innflutnings erlendra ættarnafna með erlendum mönnum, sem til landsins flytjast.

Í lögnum er fólgið bann við því, að Íslendingar taki upp ný ættarnöfn. Um lögleg ættarnöfn, sem til voru í landinu, þegar lögin öðluðust gildi, er kveðið svo á, að sum þeirra mega haldast og ganga í ætt um alla eða óákveðna framtíð, en önnur skulu fá að haldast um sinn, en falla niður síðar. Eru reglur um þett, sem hér segir:

a. Íslenzkir þegnar, sem við gildistöku laganna báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin fyrir síðustu aldamót, mega halda þeim fyrir sig og niðja sína.

b. Íslenzkir þegnar, sem báru ættarnöfn, er upp höfðu verið tekin á tímabilinu frá 1. janúar 1901 til 1. janúar 1915, mega einnig halda þeim fyrir sig og niðja sína, enda hafi verið aflað opinbers leyfis fyrir nafninu eftir gildistöku laga nr. 41/1913.

c. Þá segir í lögnum: „Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41 1913 komu í gildi, mega halda þeim alla ævi.“ Á Alþingi 1925 var því ómótæmt haldið fram, að þetta ákvæði bæri að skýra svo, að einungis þau börn þessara manna, sem fædd væru fyrir gildistöku laganna, mættu bera ættarnöfn, sbr. orðalagið „sem nú bera ættarnöfn“ (Sjá Alþingi. 1925, B, bls. 3315). Lög nr. 54/1925 tóku gildi hinn 23. sept. sama ár. Um þá menn, sem fengu ný ættarnöfn með stjórnarráðsleyfi á árunum 1915—125, gildir því það samkvæmt orðum laganna, að þeir sjálfir og þau börn þeirra, sem fædd eru fyrir 23. sept. 1925, mega bera ættarnöfnin til æviloka, en þau börn þeirra og aðrir niðjar, sem fæddir eru eftir 23. sept. 1925, hafa ekki heimild til að bera ættarnöfnin, heldur ber þeim að kenna sig til feðra sinna samkvæmt 1. gr. laganna.

Eins og áður var getið, mega erlendir menn, sem til landsins flytjast, halda ættarnöfnum sínum fyrir sig og niðja sína samkvæmt 3. gr. laganna. Hefur mikill fjöldi erlendra ættarnafna borizt hingað til lands með þessum hætti á síðustu áratugum. Á árunum 1921—1951 munu hátt á annað hundrað ný erlend ættarnöfn hafa borizt hingað með mönnum, sem hér var á þessum árum veittur íslenzkur ríkisborgararéttur með lögum. Á árinu 1952 og síðar hefur það hins vegar verið gert að skilyrði í lögum um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, að hlutaðeigendur tækju sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54/1925. Ekki er þó með þessum hætti girt að fullu fyrir innflutning erlendra ættarnafna. Óskilgetin börn íslenzkra kvenna, sem þær eiga með erlendum ríkisborgurum, munu hafa rétt til að bera ættarnöfn feðra sinna. Þá hefur og íslenzk kona, sem gifzt hefur erlendum manni án þess að glata íslenzkum ríkisborgarétti, heimild til að bera hið erlenda ættarnafn manns síns, og getur það haldizt, þó að skilnaður gerist síðar með hjónunum.

Um framkvæmd á lögum nr. 54/1925, að því er tekur til ákvæða þeirra um ættarnöfn, er það fyrst að segja, að á þeim þremur áratugum, sem þau hafa gilt, hefur aldrei verið framfylgt því fyrirmæli þeirra, sem greint var í c-lið, hér að framan, að börnum, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, sé óheimilt að bera

ættarnöfn feðra sinna. Þau ættarnöfn, sem upp voru tekin á árunum 1915—1925, ganga því í ættum með sama hætti og eldri ættarnöfn.

Í öðru lagi hafa menn alla tíð frá gildistöku laga nr. 54/1925 tekið sér ný „ættarnöfn“, þrátt fyrir ákvæði laganna, og látið þau ganga til barna sinna og annarra niðja. Athugun bendir til, að samkvæmt manntali 1950 muni slík „ættarnöfn“ hafa verið 300—400.

II.

Um efni frumvarpsins.

Við samningu frumvarps þessa hefur nefndin gert sér far um að haga efni þess þannig, að mannanöfn nái þeim höfuðtilgangi sínum að vera nægilega glögg og áreiðanleg auðkenning þjóðfélagsþegnanna, svo að komið verði hjá þeim ruglingi og réttaróvissu í samskiptum einstaklinga sín á milli og afstöðu þeirra til ríkisvaldsins, sem óreglulegar nafnbreytingar og ófullkomin nafnalöggjöf hefur í för með sér. Í öðru lagi eiga ákvæði frumvarpsins að miða að því, að nöfn íslenzkra manna séu í samræmi við íslenzka tungu og þannig valin, að hvorki verði að þeim málsþjöll né að þau verði þeim, sem bera þau, til ama eða óþæginda.

Nefndin hefur einskorðað efni frumvarpsins við þær reglur nafnréttar, sem lúta að opinberum rétti, með sama hætti og áður hefur gert verið í lögum nr. 41/1913 og lögum nr. 54/1925.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins verða efnisatriði þeirra rædd, eftir því sem ástæða þykir til, en rétt þykir að gera hér fyrst almenna grein fyrir afstöðu nefndarinnar og einstakra nefndarmanna til meginákvæða frumvarpsins.

Í 1.—6. gr. frv. eru ákvæði um *eiginnöfn*. Látin er haldast sú regla gildandi réttar, að handhafar foreldravalds hafi rétt og skyldu til að gefa barni nafn. Nafngjöf skal samkvæmt 4. gr. fara fram innan ákveðins frests, en um það gilda nú ekki ákveðnar reglur. Rétt þykir að láta þá reglu gildandi laga, að ekki megi gefa barni fleiri en tvö eiginnöfn, gilda áfram. Heimild til nafnbreytingar samkvæmt stjórnarráðsleyfi er í 6. gr. frv. rýmkuð nokkuð frá því, sem nú er í lögum. Þá lúta nokkur ákvæði þessara greina að gerð eiginnafna. Eiga þau að tryggja eftir föngum, að eiginnöfn fari vel í íslenzku máli. Er prestum eins og áður falið að gæta þessa og í því skyni ákveðið, að þeir fái vitneskju um fyrirhugað nafn eða nöfn, um leið og skírnar er beðizt, svo að þeir séu viðbúnari því að hindra nafngjöf, sem þeir telja ekki samrýmast lögnum. Ágreiningi um nafngjöf má skjóta til sérstakrar nefndar, sem skipuð sé tveimur kennurum heimspekideildar og einum lagakennara háskólans, og úrskurðar hún til fullnaðar um ágreininginn.

Einn nefndarmanna, Þorsteinn Þorsteinsson, lætur þess getið í sambandi við ákvæði 2. gr. frv., að enda þótt hann áliti það rétta stefnu, að eiginnöfn séu þannig löguð, að þau fari sem bezt í íslenzku máli, þá telur hann samt of langt gengið í upphafi greinarinnar, þar sem segir: „Eiginnafn skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu“, því að með því sé gengið of nærri frelsi manna til þess að velja börnum sínum nöfn. Einkum sé það bagalegt, ef maður hefur tekið tryggð við nafn manns, er honum hefur verið kær, en nafnið fullnægir ekki þessum skilyrðum. Ef talið er, að smekk manna í nafnavali sé ábótavant, verði að reyna að bæta úr því með öðrum ráðum en lagabanni, svo sem með fræðslu og leiðbeiningum, eins og líka er ráð fyrir gert í frv., bæði af hálfu prests og Mannanafnanefndar. Þó séu auðvitað takmörk fyrir frelsinu til nafnavals, svo sem kemur fram í áframhaldi greinarinnar, en auk þess telur hann, að upphaf greinarinnar megi orða þannig: „Miða skal að því, að eiginnöfn séu með íslenzkum svip og særi ekki málsmekk almennings.“ Þar með sé aðallega átt við það, að nöfnin fari vel í íslenzku máli og séu ekki með óíslenzkum framburði. Í flestum tilfellum muni vandalítið að búa svo um, enda þótt nafnið sé útlent, og oft vandalaust, svo sem

þegar sama nafn er til í íslenzku (Sigríð, Erling, Marie, Mary, Charles o. s. frv.). Muni þetta svipuð meining sem í frumvarpsgreininni, en mildara orðalag, ekki hein fyrirskipun, heldur nokkurs konar stefnuskrá fyrir Mannanafnanefnd, og geti hún þá tekið fullt tillit til allra ástæðna.

Í sambandi við ákvæði 7.—9. gr. frv. um *kenningu* til föður o. fl. vill nefndin sérstaklega geta þess, að gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, að menn kenni sig þannig framvegis, svo sem verið hefur. Samkvæmt frv. er hverjum manni jafnan heimilt að kenna sig með þessum hætti, hvort sem hann hefur rétt til að bera ættarnafn eða ekki, sbr. 1. mgr. 17. gr. Ef maður vill fella niður notkun ættarnafns, sem hann hefur borið, en kenna sig til föður að fornum hætti, nægir einföld tilkynning til stjórnarráðsins um nafnbreytinguna, sbr. 4. mgr. 17. gr.

Í frv. er fellt niður það ákvæði gildandi laga, að menn geti kennt sig til móður, þar sem sá háttur er nú algerlega niður lagður í framkvæmd.

Að öðru leyti verður nánar getið um efni 7.—9. gr. í athugasemdum við þær síðar.

Í 10.—19. gr. frv. eru ákvæði um *ættarnöfn*. Um afstöðu til þeirra eru skoðanir nefndarmanna skiptar. Þrír nefndarmanna, þeir Jónatan Hallvarðsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Þórður Eyjólfsson leggja til, að leyfð sé upptaka ættarnafna með tilteknum skilyrðum. Þorsteinn Þorsteinsson hefur þó nokkra sérstöðu, og gerir hann sérstaka grein fyrir því. Alexander Jóhannesson hefur hins vegar ekki fallið á úrlausn meira hluta nefndarinnar, og skýrir hann einnig sérstaklega frá álitinu sínu og þeirri úrlausn, sem hann hneigist að.

Þeir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson gera þá grein fyrir afstöðu sinni til ættarnafna, sem hér segir:

Reynsla sú, sem fengið hefur af ákvæðum um ættarnöfn í núgildandi löggjöf, hefur öðru markað afstöðu okkar til nýrrar lagasetningar á þessu sviði. Eins og gerð var grein fyrir hér að framan, hefur bann við notkun ættarnafna í lögum nr. 54/1925 að miklu leyti verið dauður bókstafur og engan veginn náð tilgangi sínum. Í þá þrjá áratugi, sem lögin hafa verið í gildi, hefur notkun ættarnafna, sem eiga ekki stöð í lögum, verið látin viðgangast átölulaust af hálfu allra þeirra ríkisstjórna, sem á þeim tíma hafa setið að völdum. Tekur þetta bæði til hinna fjölmörgu nýju „ættarnafna“, sem menn hafa tekið sér á þessum áratugum án stöðar í lögum, og einnig til óheimillar notkunar á ættarnöfnum þeim, sem upp voru tekin með stjórnarráðsleyfi á árunum 1915—1925. Ekki verður séð, að almennigsálitið hafi verið sérstaklega andstætt þessu afskiptaleysi stjórnvalda. Flokkar þeir, sem að ríkisstjórnunum hafa staðið, virðast ekki hafa krafizt þess af þeim, að þær framfylgdu lögum að þessu leyti, og opinberrar gagnrýni frá einstaklingum hefur ekki gætt. Þeir menn, sem nú bera ættarnöfn án stöðar í lögum, munu skipta þúsundum. Það yrði mjög erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt, að útrýma þessum ættarnöfnum með málshöfðunum og beitingu refsíákvæða gegn öllum þeim fjölda, sem hér á hlut að máli. En það verður á hinn bóginn að telja mjög óheppilegt að hafa lagaákvæði í gildi að formi til, sem mönnum er látið haldast uppi að virða að vettugi.

Um ættarnafnasið viljum við að öðru leyti taka þetta fram: Við álitum það í sjálfu sér góðan sið og æskilegan, að menn kenni sig til fedra sinna að fornum hætti í stað þess að taka upp eða bera ættarnöfn. En um þetta eiga menn að hafa frjálsan ákvörðunarrétt. Við fáum ekki séð, að íslenzku þjóðerni eða íslenzku máli sé neinn háski búinn af ættarnöfnum, sem gerð eru í samræmi við lög mál íslenzkrar tungu. Þau geta engu síður staðizt í íslenzku máli en viðurnefni þau eða kenningarnöfn, sem bæði karlar og konur báru til forna, meðan íslenzk tunga var enn óspillt af erlendum áhrifum. Ættarnöfn þau, sem Íslendingar tóku upp fram til loka síðustu aldar, voru yfirleitt óþjóðleg, og mun andúð gegn ættarnafnasið meðfram eiga rætur til þess að rekja, en auðvelt er að tryggja, að ný ættarnöfn fari vel í málinu. Það er skoðun okkar, að afstaða manna til ættarnafna fari

fremur eftir smekk og tilfinningum en efnisrökum. En um smekk og tilfinningar er ekki unnt að deila, og á því sviði á persónufrelsi að ríkja, enda sé þess gætt, að mikilvægum þjóðarhagsmunum, svo sem vernd íslenzkrar tungu, sé ekki misboðið. Það þykir einum betur fara, sem annar telur til lýta, og smekkur manna á þessu sviði sem öðrum er auk þess breytingum háður frá einni kynslóð til annarrar. Það er augljóst mál, að þeir, sem tekið hafa sér ættarnöfn, eru yfirleitt engu minni smekkmenn eða óþjóðlegri en hinir, sem eldri siðnum fylgja. Ef frjálsræði ríkir á þessu sviði, getur hver og einn farið eftir sínum smekk og tilfinningum, og hefur þá enginn við annan að sakast.

Loks teljum við mjög óviðfelldið, að sumum þegnum þjóðfélagsins sé leyft að bera ættarnöfn, en að öðrum sé það bannað, eins og nú er í lögum. Það brýtur í bága við þá grundvallarreglu um jafnrétti þegnanna gagnvart landslögum, sem viðurkennd er í okkar rétti eins og annarra lýðræðisríkja nú á dögum, en svipar meira til arfgengra sérréttinda, sem tíðkuðust á fyrri öldum. En útrýmingu allra ættarnafna, sem nú eru borin hér á landi og mörg hafa gengið í ættum manna fram af manni í allt að 3 aldir, teljum við ekki koma til álita, enda lítt framkvæmanlega af áðurgreindum ástæðum.

Þorsteinn Þorsteinsson gerir grein fyrir sinni afstöðu á þessa leið:

Sérstaða mín varðandi ættarnöfn gagnvart meðnefndarmönnum mínum, Jónatan Hallvarðssyni og Þórði Eyjólfsyni, er aðallega í því fólgin, að ég er persónulega hlynntari ættarnöfnum heldur en þeir, því að ég tel þau mjög mikilvæg til þess að auðkenna menn, umfram það sem unnt er með eiginnöfnum einum og kenningu til föður. Vegna þess hve algengt er, að menn heiti sama nafni, er nauðsynlegt að auðkenna þá nánar, og er algengast hér á landi, að það sé gert með því að kenna þá til föður. En með því að sama máli gegnir um föðurnöfnin, að þau eru mörg samnefni, þá verða fjöldamargir samnefndir þrátt fyrir það (hæði með sama eiginnafni og föðurnafni). Ef menn nú auk þess kenna sig til ákveðinnar ættar með ættarnafni, þá fækkar samnefnunum mjög mikið eða hverfa jafnvel. Oft sleppa menn þá kenningu til föður og nota aðeins eiginnafnið og ættarnafnið, og getur það oft verið fullkomin auðkenning, en þegar menn af sömu ætt heita sama nafni, sem oft kemur fyrir, þá tíðkast líka, að þeir noti einnig til aðgreiningar kenningu til föður, oftast þó aðeins með skammstöfun, en stundum fullum stöfum. Þar með er fengin miklu fullkomnari auðkenning á þjóðfélagsþegnum en unnt er að fá með kenningu til föður aðeins. En auðvitað er minni þörf fyrir svo fullkomna auðkenningu í fámenni heldur en í fjölmenni, og því eru ættarnöfn ekki eins nauðsynleg hér eins og í stærri þjóðfélögum. Þó verður þörfin fyrir þau ríkari, eftir því sem þéttbýli vex og bæirnir stækka. Ég tel þó ekki ástæðu til þess að ýta sérstaklega undir upptöku ættarnafna nú. Með hægfara aukningu þeirra með sérstökum leyfum ætti að vinnast það tvennt, að ættarnöfnin yrðu betri og að þau yrðu fullkomnari auðkenning vegna þess, að sérstakt nafn yrði fyrir hverja ætt, en ekki margar ættir með sama nafni.

Annars er ég fullkomlega samþykkur þeim rökum, sem Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsón hafa borið fram fyrir upptöku ættarnafna nú. Þó sé ég ekki, að íslenzku máli eða íslenzku þjóðerni þyrfti að vera nein hætta búin, þó að erlend ættarnöfn fengju að flytjast hingað til lands, líkt og þau hafa áður gert. Ég býst ekki við, að menn mundu breyta málvenjum sínum þeirra vegna, enda mundi þeirra gæta því minna sem innlendum ættarnöfnum fjölgaði.

Alexander Jóhannesson gerir svofellda grein fyrir afstöðu sinni:

Ég hef unnið með samnefndarmönnum mínum að samningu þessa frumvarps. Eins og frumvarpið ber með sér, er gert ráð fyrir, að Íslendingar geti tekið sér ættarnöfn, en þess krafizt (11. gr.), að þau skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu. Þótt tekið sé fram í lögum frá 1925, að ættarnöfn megi enginn taka sér eftir þann tíma, hefur ættarnöfnum fjölgað mjög á síðustu 30 árum og má áætla, að nú séu um 1100 ættarnöfn í landinu, og hefur engin tilraun verið

gerð til að beita refsíákvæðum áður nefndra laga gegn þeim, er tekið hafa sér ættarnöfn, síðan þau lög voru samín.

Nú hefur á síðustu þingum verið sett að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgara-réttar, að erlendir menn skuli taka upp íslenzka nafnavenju, og hefur Alþingi með því lýst yfir, að það vilji ekki láta afskiptalaust, hver nöfn íslenzkir ríkisborgarar bera. En þetta ætti engu síður að gilda um Íslendinga sjálfa. Meginþorri allra íslenzkra ættarnafna sýnir, að þau eru engan veginn rétt að lögum íslenzkrar tungu, og ef svo fer fram, að mönnum skuli leyft að taka sér ættarnöfn, má ætla, að á nokkrum áratugum hverfi sá gamli og góði síður, er ríkt hefur í landinu í 1000 ár.

Flest íslenzk ættarnöfn eru málsþjöll og munu þau, er tímar líða, valda skemmdum á tungu vorri, t. d. á þann hátt, að tvö föll verði notuð í stað fjögurra, eins og þróunin hefur orðið í öðrum germönskum málum (nefnif., þolf. og þáguf. eins, eignarfall með s-endingu), eða jafnvel aðeins eitt. Má sjá þess dæmi daglega í hverju íslenzku blaði og heyra í ríkisútvarpinu, að ættarnöfn eru beygingarlaus, einng í eignarfalli, og er sýnt, hvert stefnir. Þau munu slæva tilfinning vandaðs máls og flýta fyrir margs konar mállýtum. Tign íslenzkrar tungu er m. a. fólgin í því, að hvert íslenzkt orð er gagnsætt á þann hátt, að menn skilja, hvernig merking orðs var hugsuð, og er því meira en hljómur einn, sem menn nema við endurtekna notkun. Oss Íslendingum ber því að halda vörð um geymd hins dýrasta arfs, er vér höfum fengið frá forfeðrum vorum.

Á fyrstu fundum nefndar þeirrar, er unnið hefur að frumvarpi þessu, lýsti ég yfir skoðun minni, en hún er sú, að banna skuli ættarnöfn og kenna sig við föður sinn, eins og tíðkæzt hefur frá upphafi Íslands byggðar. Hins vegar lít ég þannig á, að ekki sé hægt að hrófla við þeim ættarnöfnum, sem nú eru notuð, hvorki þeim, sem teljast mega lögleg, né þeim, sem eru brot á gildandi lögum. Ef svo fer, að Alþingi vilji nú banna ættarnöfn með nýjum lögum, skal sú höfuðregla gilda, að þeir Íslendingar, er fæðast eftir að slík lög eru gengin í gildi, skuli nefna sig að fornum síð. Þá einu undantekningu vildi ég leyfa, að hjónum, sem bera ættar-nafn og hafa eignæzt börn, er bera ættarnafn foreldra sinna, skuli heimilað að leyfa þeim börnum, er kunna að fæðast eftir að lögin eru gengin í gildi, að bera sama ættarnafnið og hin börnin (eða barnið). Af þessu yrði ljóst, að ættarnöfnum yrði ekki útrýmt úr íslenzku máli fyrr en eftir marga áratugi eða allt að 100 árum. Aðalatriðið er, að stefnubreyting verði nú í nafngiftum Íslendinga, Ég legg því til, að frumvarpinu verði breytt í samræmi við þessar skoðanir.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að efni til í samræmi við núgildandi rétt, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1925.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er haldið þeirri reglu núgildandi laga, að eiginnöfn skuli vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu, sbr. 1. og 4. gr. laga nr. 54/1925. Af því leiðir m. a., að eiginnöfn eiga að vera nafnorð í nefnifalli, karlkyns orð, þegar um karlmenn er að ræða, en kvenkyns orð, þegar kvenmanni er nafn gefið, sbr. og 2. mgr. 2. gr. Þá eiga ákvæði greinarinnar að koma í veg fyrir það, að mönnum séu gefin ýmis ónefni, sem séu þeim til leiðinda. Að sjálfsögðu verður heimilt, eins og hingað til hefur verið, að gefa börnum ýmis nöfn af erlendum toga, þar á meðal biblíunöfn, sem orðin eru rótgróin í málinu og mega því heita íslenzk. Heimilt er og að gefa barni nýtt nafn, sem hefur ekki áður tíðkæzt, ef það er rétt myndað og fer ekki í bága við fyrirmæli greinarinnar. Um sérálit Þorsteins Þorsteinssonar varðandi þessa mgr. vísast til hinnar almennu greinargerðar hér að framan.

Ákvæðum 3. mgr. er ætlað að girða fyrir þann sið, sem verið hefur nokkuð algengur, að eiginnöfn séu mynduð eins og þegar kennt er til föður, t. d. Jónsson, Ólafsson, Jónsdóttir, Ólafsdóttir, o. s. frv., og sama á að gilda, þó að notað sé eignarfall eingöngu, svo sem Jóns, Ólafs o. s. frv. Þessi siður er fallinn til að villa um rétta kenningu til föður, auk þess sem slík nafngjöf samrýmist ekki lögmálum íslenzkrar tungu.

Talsverð brögð hafa verið að því, að börn hafi verið skirð ættarnöfnum, sem hafa verið lögleg eign annarra manna. Ákvæði 4. mgr. eiga að koma í veg fyrir þann rugling um ættarnöfn, sem þessi siður hefur í för með sér. Með honum er einnig gengið á rétt þeirra, sem ættarnafnið bera. Undantekning er þó gerð, þegar menn hafa tekið sér tíðkanleg eiginheiti að ættarnöfnum.

Um 3. gr.

Um skipun Mannanafnanefndar vísast til athugasemda við 21. gr. Í þessari grein er henni falið það starf að leiðbeina um nafnaval með því að semja skrá um eiginnöfn, sem fara ekki í bága við ákvæði 2. gr. Rétt er henni að setja í slíka skrá ný eiginheiti, sem hafa ekki verið áður borin, en hún telur fara vel í málinu.

Um 4. gr.

Þar sem prestum er falið að gæta þess, eins og verið hefur, að nafngjöf fari ekki í bága við ákvæði laga, þykir rétt, að þeim sé veitt nokkurt ráðrúm til athugunar á því. Það getur enga fyrirhöfn bakað þeim, sem barni vill nafn gefa, að skýra presti frá nafninu um leið og skírnar er beðizt, en vitanlega ber presti að gæta þagnarskyldu um það.

Nauðsynlegt er vegna opinberrar skráningar, að ekki dragist mjög lengi, að börnum séu nöfn gefin. Hefur nefndin talið fresti þá, sem í 1. og 2. mgr. eru ákveðnir, hæfilega.

Þegar barn er skirt skemmri skírn, oftast vegna veikinda þess, getur farið svo, að lítið ráðrúm sé til að velja því nafn, að foreldri geti ekki haft samráð um það, o. s. frv. Þykir því rétt að heimila nýja nafngjöf, þegar svo stendur á, án þess að fara þurfi þá leið um nafnbreytingu, sem ákveðin er í 6. gr.

Um 5. gr.

Þegar ágreiningur verður um nafngjöf, er presti jafnan skylt að leita úrlausnar Mannanafnanefndar, en heimilt er líka þeim, sem nafn vill gefa, að bera ágreininginn undir nefndina.

Mannanafnanefnd ber að rökstyðja úrskurði sína. Ef hún t. d. synjar um nafngjöf, ber henni að greina þær ástæður, sem til þess liggja.

Um 6. gr.

Heimild Dómsmálaráðuneytisins til að leyfa nafnbreytingar er rýmkuð nokkuð frá því, sem nú gildir.

Þeir, sem ættleiða börn, hafa oft uppi óskir um að mega sjálfir velja barni nafn. Þykir rétt að heimila nafnbreytingu af þessum sökum, enda þótt skilyrði samkvæmt 1. mgr. séu ekki fyrir hendi. Væntanlega mundi þetta einkum koma til greina um ungbörn.

Um 7. gr.

Efni og orðalag þessarar greinar er sniðið eftir sams konar ákvæði í 1. gr. laga nr. 41/1913. Kemur hér fram aðalregla um, hvernig mönnum sé skylt að kenna sig, en gert er ráð fyrir, að kenning með ættarnafni sé undantekning frá þessari reglu.

Um 8. gr.

Það hefur jafnan verið vandkvæðum bundið, hvernig kenna skuli ófeðruð börn. Hér er ráðgert, að barn geti fengið ættarnafn móður, ef til er, þó með þeirri undantekningu, sem segir í 3. mgr. 15. gr. Í öðru lagi er ákveðið, að sá, sem fer með foreldravald yfir ófeðruðu barni, geti fengið leyfi til að taka upp nýtt ættarnafn því til handa. Ef hvorugt þetta úrræði verður notað, er heimilað að kenna barn til móðurföður, og hefur nefndin tekið þar aftur upp ákvæði úr lögum nr. 41/1913, með því að hún hefur ekki komið auga á aðra heppilegri reglu.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er tekin upp regla 1. mgr. 10. gr. laga um ættleiðingu nr. 19/1953, þó með þeirri breytingu, sem af því leiðir, að kenning til móður er felld niður.

Í 2. mgr. er svipað ákvæði og í 8. gr., en þó þarf kjörbarn ekki að vera ófeðrað, til þess að kenna megi það svo, sem í 2. mgr. segir. Kjörmóðir og barn kunna að hafa hér hagsmuna að gæta um það, að barnið sé ekki kennt til hins rétta föður þess.

Um 10. gr.

Um ástæður til þess, að heimiluð er upptaka nýrra ættarnafna, visast til hinnar almennu greinargerðar. Ekki þykir rétt að gera grein fyrir því í frv., hverjum skilyrðum ættarnöfn þau, sem nú eru borin, þurfi að fullnægja til þess að teljast lögleg. Ef ágreiningur ris um einstök ættarnöfn að því leyti, verða dómstólar að skera úr um lögmati þeirra.

Um 11. gr.

Í 1. mgr. er sett sams konar ákvæði um ættarnöfn, og áður var sett í 2. gr. um eiginnöfn.

2. mgr. þarfnast ekki skýringar. Samsvarandi ákvæði var í 7. gr. laga nr. 41/1913.

Í 3. mgr. er fyrst sú regla, að tíðkanleg eiginnöfn megi ekki gera að ættarnöfnum. Slík samnefni eiginheita og ættarnafna eru óheppileg og geta valdið ruglingi. Í öðru lagi er bönnuð upptaka ættarnafna, sem enda á orðinu *son*. Þar skera ættarnöfn sig ekki úr venjulegri kenningu til föður, jafnvel ekki í framburði, þó að eignarfalls-s sé fellt niður, t. d. Jónson. Allmörg slík ættarnöfn voru leyfð á árunum 1915—1925, en hvorttveggja er, að þau eru fallin til að valda ruglingi og að þau eru ekki rétt mynduð sem ættarnöfn.

Um 12. gr.

Ákvæði 2. mgr. er sett vegna þess, að sérstakar ástæður geta valdið því, að æskilegt sé að gefa yngra barni en 16 ára nýtt ættarnafn, svo sem þegar um er að ræða ófeðruð börn, börn með erlendum ættarnöfnum o. s. frv.

Um 13. gr.

Hér er tekin upp regla, sem yfirleitt hefur verið fylgt í framkvæmd, sbr. og 1. gr. laga nr. 41/1913.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er regla, sem ávallt hefur gilt hér, sbr. og 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Í 2. og 3. mgr. eru teknar upp reglur um efni, sem nú eru fyrirmæli um í 48. og 81. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921.

Í 4. mgr. er nýmæli. Þykir eðlilegt, að ekkja eða fráskilin kona, sem gengur að nýju í hjónaband, beri ekki eftir það ættarnafn fyrra manns síns.

Um 15. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru undantekningar frá þeirri reglu 13. gr., að ættarnöfn gangi um karlkné. Í þessum tilfellum er ýmist ekki unnt eða ekki æskilegt, að barn sé kennt til föður síns, og réttlætir það undantekningarregluna. Ekki þykir þó rétt, sbr. 3. mgr., að kona, sem fengið hefur ættarnafn við giftingu og ber það eftir lok hjónabandsins, flytji það ættarnafn til ófeðraðs barns eða kjörbarns, sem hún hefur síðar tekið.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar mundu einkum koma til framkvæmdar um ættarnöfn, sem nýlega væru upp tekin og fáir bera. Að því er varðar börn undir 16 ára aldri, mundi samþykki handhafa foreldravalds þurfa að koma til. Ekki er heimild greinarinnar bundin við, að skyldleiki sé með þeim, sem nafn leyfa, og þeim, sem leyfi fær til að bera það.

Um 17. gr.

Hér er í 1. mgr. sett sú aðalregla, að engum er skylt að bera ættarnafn, fremur en hann sjálfur vill. Víkur þessi regla því frá ákvæðum 4. gr. laga nr. 41/1913, þar sem öllum var gert skylt að bera ættarnafn föður síns, ef til var. Sjálfsgagt þykir að heimila konu að halda upphaflegu ættarnafni sínu, þó að hún giftist manni, sem einnig ber ættarnafn.

Samkvæmt 3. mgr. er mönnum ekki heimilt að taka aftur upp ættarnafn, sem þeir hafa fellt niður, nema samkvæmt stjórnarráðsleyfi. Þegar um slíka endurupptöku er að ræða, mun þó ekki þurfa samþykki samkvæmt 16. gr. Rétt þykir að heimila konu, sem fellt hefur niður ættarnafn sitt við giftingu, að taka það upp aftur án leyfis stjórnarráðsins, þegar hjónabandi er lokið.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til að koma í veg fyrir fjölgun erlendra ættarnafna hér á landi vegna þess, að mönnum er veittur með lögum íslenzkur ríkisborgararéttur. Ákvæðin koma þó því aðeins til framkvæmdar, að ekki sé óðrúvisi ákveðið í lögum þeim, sem veita ríkisborgararéttinn.

Um 19. gr.

Heimild til að breyta um ættarnafn mundi einkum verða notuð, þegar menn vilja fella niður óviðfelldið nafn eða erlent og fá sér annað íslenzkt í þess stað.

Um 20. gr.

Hér er tekið upp ákvæði úr 1. gr. núgildandi laga, óbreytt að efni til.

Um 21. gr.

Í stað þess að skjóta ágreiningi um nafngjöf til heimspekideildar háskólans, eins og mælt er í núgildandi lögum, er hér lagt til, að við því starfi taki nefnd, sem skipuð sé tveimur kennurum heimspekideildar og einum kennara í lögum við háskólann.

Um 22.--24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Reykjavík, 9. október 1955.

Þórður Eyjólfsson. Alexander Jóhannesson.
Jónatan Hallvarðsson. Þorst. Þorsteinsson.